

Nd.

### 313. Nefndarálit

um frv. til laga um fiskiráð.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefir haft frv. til meðferðar, og virtist enginn nefndarmanna telja sér fært að fylgja því óbreyttu. Tveir nefndarmanna töldu sig vilja gera á því nokkrar breytingar og skila sérstöku nál., en undirritaður meiri hluti taldi enga leið til þess, að frv. næði tilgangi sínum, þó að lögum yrði, nema það væri samið upp alveg að nýju. Bæði er í frv. gert ráð fyrir, að fiskiráðið verði útnefnt að nokkru leyti af stofnunum, sem enginn veit, hvort verða starfandi á þeim tína, sem frv. kynni að fá staðfestingu, og því alls engin trygging fyrir, að ráðið yrði nokkru sinni fullskipað, og ennfremur er fiskiráðinu með frv. ekki gefið neitt vald né aðstaða til þess að koma tillögum sínum í framkvæmd, hversu nýti-  
legar sem þær kynnu að verða. Frv. er því að álit meiri hl. nefndarinnar svo losaralega samið og vanhugsað, að engin leið er til að breyta því, svo vit verði í. Hinsvegar er meiri hl. nefndarinnar fyllilega sammála þeirri viðurkenningu, sem í frv. felst um að hin frjálsa samkeppni hafi leitt sjávarútveginn forsjarlaust út í hið mesta öngþveiti, svo hann stendur nú höllum fæti gegn þeim örðugleikum, er að honum steðja. Vill meiri hl. því fallast á þá hugsun, sem virðist vera á bak við frv., þó í þoku sé, um að nauðsyn beri til að skapa sjávarútveginum nokkra forystu, en telur, að þessu verði bezt fyrir komið í sambandi við löggjöf um útflutning og sölu á sild og fiski, sem væntanlega verður lögð fyrir hv. Alþingi að tilhlutun hæstv. ríkisstjórnar. Fyrir því leggur meiri hl. til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að í væntanlegri löggjöf um sölu á sild og fiski, er afgreiðslu fái á Alþingi því, er nú situr, verði séð fyrir forystu hæfustu manna til þess að gera ráðstafanir og framkvæmdir um bjargráð fyrir sjávarútveginn út úr því öngþveiti, sem hann er nú kominn í, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. nóv. 1934.

Finnur Jónsson,  
form., frsm. meiri hl.

Bergur Jónsson,  
fundaskr., með fyrirv.

Páll Þorbjörnsson.